

happdrætta, auglýsa þá í innlendum blöðum eða hvetja menn til að kaupa þá. Þó getur ráðherra veitt undanþágu að því er kemur til happdrættis, sem stofnað er til í góðgerðaskyni einungis, og þó með skýrum takmörkum, t. d. fyrir eitt sveitarfélag, og aldrei nema um ákveðinn tíma, lengst eitt ár.

3. gr.

Enginn má selja hlutamiða happdrættisins nema löggiltir útsölumenn þess, er fá miðana frá aðalskrifstofu happdrættisins, og öll önnur verzlun með miðana er bönnuð. Ráðherra er heimilt að leyfa happdrættinu að taka í sínar hendur útsölu hlutamiða.

4. gr.

Vinningar í happdrættinu er undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti á því ári sem þeir falla.

5. gr.

Dómsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi happdrættisins.

6. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum eða varðhaldi.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 86 31. des. 1963, um stofnun happdrættis fyrir Ísland, og lög nr. 95 23. des. 1969, um breyting á þeim lögum.

Gjört í Reykjavík, 13. apríl 1973.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um heimild til að stofna fjölbrautaskóla.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu og Reykjavíkurborg að stofna til tilraunaskóla, er nefnist fjölbrautaskóli. Skólinn skal vera fyrir nemendur, er lokið hafa skyldunámi, og veita þeim tiltekin réttindi til sérnáms í framhaldsskólum eða háskóla, svo og menntun og þjálfun í ýmsum starfsgreinum.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans, sem er hluti af skólakerfi Reykjavíkurborgar.

3. gr.

Menntamálaráðuneytið setur skólanum námsskrá og reglugerð að fengnum til-
lögum fræðsluráðs Reykjavíkur. Skal reglugerðin m. a. kveða á um kennslu- og
námsskipan skólans, kennslumagn, námsmat, námsstig nemenda og réttindi þeirra
til framhaldsnáms, þ. á m. til háskólanáms.

4. gr.

Ríkissjóður greiðir 60% af stofnkostnaði skólans, en 40% greiðast af Reykja-
víkurborg.

Laun skólustjóra og kennslulaun greiðir ríkissjóður að fullu í samræmi við
starfsáætlun, sem ráðuneytið og fræðsluráð samþykkja. Annar rekstrarkostnaður
skiptist að jöfnu milli aðila.

5. gr.

Menntamálaráðuneytið og Reykjavíkurborg gera með sér sérstakan samning,
þar sem m. a. skulu sett nánari ákvæði um stjórn skólans og skiptingu kostnaðar
samkvæmt 4. gr.

6. gr.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu að stofna til fjölbrautaskóla í samvinnu við
önnur sveitarfélög, eitt eða fleiri, með því fyrirkomulagi og þeirri kostnaðarskipt-
ingu, sem lög þessi gera ráð fyrir.

Nú gerir fræðsluráð tillögu um, að stofnað verði til starfsemi fjölbrautaskóla
með sameiningu tveggja eða fleiri skóla í umdæmi þess, og er þá menntamálaráðu-
neytinu það heimilt, hafi samningar tekizt um það með eignaraðilum skólanna.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lagaákvæði, er brjóta
kunna í hága við þau.

Gjört í Reykjavík, 13. apríl 1973.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús T. Ólafsson.

L Ö G

um lögreglustjóra í Hafnarhreppi í Austur-Skaftafellssýslu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Í Hafnarhreppi í Austur-Skaftafellssýslu skal vera lögreglustjóri. Umdæmi hans
er Hafnarhreppur.

Forseti Íslands veitir embætti þetta lögfræðingi, sem fullnægir lögmæltum skil-
rðum til skipunar í héraðsdómaraembætti.